

**Fundur samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna Tálknafjarðarhrepps
og Vesturbyggðar
16. mars 2023, kl: 14:00.**

Mætt voru:

Jenný Lára Magnadóttir frá Tálknafjarðarhreppi
Jóhann Örn Hreiðarsson frá Tálknafjarðarhreppi
Lilja Magnúsdóttir frá Tálknafjarðarhreppi
Ólafur Þór Ólafsson frá Tálknafjarðarhreppi
Jón Árnason frá Vesturbyggð
Guðrún Eggertsdóttir frá Vesturbyggð
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir frá Vesturbyggð
Þórdís Sif Sigurðardóttir frá Vesturbyggð

Bryndís Gunnlaugsdóttir, Róbert Ragnarsson og Vilhjálmur Sveinsson frá KPMG. Vilhjálmur ritaði fundargerð.

I. Samstarfsnefnd skiptir með sér verkum

Tillaga var um Jón Árnason frá Vesturbyggð sem formann og Lilju Magnúsdóttir frá Tálknafjarðarhreppi sem varaformann.
Samþykkt samhljóða.

II. Starfshættir samstarfsnefndar.

Bryndís fór yfir tillögu að starfsháttum samstarfsnefndar og sammæltust aðilar um samskiptasáttmála sem gildir í samskiptum innan nefndarinnar.
Fundartími var ákveðinn annan og fjórða miðvikudag hvers mánaðar klukkan 15:00 og samþykkt var að fundargerðir yrðu ritaðar og sendar til bæjarstjórna og sveitarstjórna til kynningar. Lögð var áhersla á að aðilar nefndarinnar mæti á fundi í persónu eins og kostur er en heimilt er að taka þátt á fundum nefndarinnar í fjarfundabúnaði

III. Verkhættir og tímalína verkefnis

Bryndís fór yfir drög að verkþáttum og tímalínu verkefnis og var tímalínan uppfærð í samræmi við upphafsdagsetningu verkefnisins. Einnig var lagt til og samþykkt samhljóða að halda sameiginlega kynningu fyrir stjórnendur innan sveitarfélaganna sem fyrst til að upplýsa um verkþætti, tímalínu og framgang viðræðna. Samstarfsnefndin lagði áherslu á að íbúar svæðanna fái sem mestar upplýsingar jafn óðum og þær verða aðgengilegar.

Samstarfsnefndin samþykkti samhljóða verkáætlun og tímalínu með áorðnum breytingum.

IV. Samráð við starfsfólk og kjörna fulltrúa

Bryndís fór yfir tillögu um að skipaðir verði starfshópar um einstaka málaflokka þar sem starfsfólk og kjörnir aðilar meta stöðu sveitarfélaganna, horfur í rekstri og þjónustu þeirra og líkleg áhrif sameiningar.

Samstarfsnefndin samþykkti samhljóða að skipa starfshóp um einstaka málaflokka og frestar málinu til næsta fundar þar sem teknar verða ákvarðanir um fjölda starfshópa, málefni hvers hóps og hvaða aðilar séu í hverjum hóp.

KPMG var falið að útbúa frekari upplýsingar og leiðbeiningar til starfshópa fyrir næsta fund nefndarinnar.

V. Kynningarmál

Farið var yfir kynningarmál almennt og nefndarmenn voru samhljóða um að mikilvægi þess að tryggja góða og fagmannlega upplýsingagjöf til íbúa, starfsfólks sem og annarra hagaðila. Lagt var til og

samþykkt samhljóða að vinnuheitið yfir sameiningaviðræður sveitarfélaganna væri Vestfirðingar. Einnig var samþykkt að ganga að tilboði Stefnu ehf. um vefsíðugerð er mun vista allar upplýsingar um verkefnið. Einnig var KPMG falið að fá tilboð frá nokkrum aðilum til að sjá um kynningarmál fyrir verkefnið.

Samþykkt var að talsmenn verkefnisins væru framkvæmdastjórar beggja sveitarfélaga.

VI. Þóknun samstarfsnefndar

Samþykkt samhljóða að formaður samstarfsnefndar fái xx kr. í laun fyrir hvern setinn fund og að aðrir nefndarmenn fái xx kr. fyrir hvern setinn fund.

VII. Næsti fundur

Næsti fundur verkefnisstjórnar er 29. mars nk. kl. 15:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:35.

Útistandandi verkefni:

- *Rafrænt verkefnasvæði*
 - ☐ Bæjarstjóra Vesturbyggðar falið að stofna Teams-verkefnasvæðið fyrir samstarfsnefndina og ráðgjafa KPMG
- *Skipun starfshópa*
 - ☐ Samstarfsnefnd falið að yfirfara tillögur um skipun starfshópa en stefnt er að því að skipa starfshópa á næsta fundi samráðsnefndar. Á þeim fundi þarf að liggja fyrir hvernig málefnskipping er milli hópa og hvaða aðilar skipa hvern hóp.
 - ☐ KPMG falið að útbúa upplýsingar og leiðbeiningar til starfshópa
 - ☐ KPMG falið að útbúa drög að kynningu fyrir stjórnendur um verkþætti og tímalínu verkefnis ásamt skipun starfshópa.
- *Kynningamál*
 - ☐ KPMG falið að leita eftir tilboðum vegna kynningarmála og ganga til samninga við Stefnu ehf. til að setja upp vefsíðu fyrir verkefnið.